

6. júlí 1992

577

Nr. 260

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 425/1988 um greiðslur vegna
fastráðins fiskvinnslufólks.

1. gr.

Í stað sex vikur (30 greiðsludaga) í 4. málsg. 2. gr. komi: níu vikur (45 greiðsludaga).

2. gr.

1. málsg. 6. gr. orðist svo:

Fyrirtækjum í fiskvinnslu, sem fullnægja skilyrðum 1. gr., skal skylt að gefa þeim starfsmönnum sínum er unnið hafa hjá fyrirtækinu í 2 mánuði kost á fastráðningarsamningi. Telja skal eldri starfstíma, sem reiknast til réttinda vegna fyrri raðningar hjá sama fyrirtæki. Fastráðningarsamningur getur verið tímabundinn eða til ótiltekins tíma og skal hann gerður í því formi sem Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna annars vegar og Verkamannasamband Íslands hins vegar samþykkja. Uppsagnarfrestur á fastráðningarsamningi er 6 vikur af beggja hálfu.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 5. gr. laga nr. 34/1988 um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks sbr. breytingu á þeim lögum nr. 42/1992 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

23. júní 1992

Nr. 261

REGLUGERÐ

um vigtun á humri.

1. gr.

Um vigtun á afla fiskiskipa sem stunda humarveiðar gilda ákvæði reglugerðar nr. 489/1991 um vigtun sjávarafla nema öðruvísi sé kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Skipstjóri fiskiskips sem stundar humarveiðar skal strax við komu skips til hafnar að lokinni veiðiferð og áður en löndun hefst tilkynna hafnaryfirvöldum um áætlað aflamagn og fyrirhugaðan kaupanda humarsins.

Steindórsprent Gutenberg hf.

3. gr.

Óski fiskkaupandi eða fiskmarkaður eftir heimild til að vigta humar skal hann sækja um það skriflega til hlutaðeigandi hafnarstjórnar. Hafnarstjórn skal senda allar umsóknir ásamt umsögn til sjávarútvegsráðuneytis. Í umsókn skulu koma fram þær upplýsingar sem krafist er í 2. til 5. tl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 489/1990 um vigtun sjávarafla. Ráðuneytið skal leita umsagnar samráðsnefndar samkvæmt 15. gr. fyrrnefndrar reglugerðar áður en umsókn er afgreidd.

4. gr.

Vigtun á humri hjá fiskkaupanda eða fiskmarkaði sem hefur leyfi samkvæmt 3. gr. skal framkvæmd af löggiltum vigtarmanni á löggilda vog. Hjá þeim aðilum skal humar sem berst heill á land veginn að lokinni afisun áður en honum er pakkað. Humri, sem kemur slitinn í land, skal hellt í sérbúna ísskilju, ísnum skal fleytt ofan af og vatn látið síga af humarhölum áður en afli er veginn. Um vigtun á humarhölum, sem slitnir eru um borð í veiðiskipi og uppfylla skilyrði til að teljast ekki með afla skips þegar humarafla er reiknaður til aflamarks þess sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 134/1992 um humarveiðar 1992, fer samkvæmt ákvæðum 13. gr. reglugerðar nr. 489/1990 um vigtun sjávarafla.

Nótu undirritaðri af þeim löggilta vigtarmanni sem vigtaði aflann skal skilað til hafnarstjóra í löndunarhöfn, í síðasta lagi næsta virkan vinnudag eftir að afli var veginn.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á vigtarnótu:

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Kaupandi afla.
4. Vagið aflamagn, sundurliðað í heilan humar, slitinn humar og undirmál.
5. Tegundir íláta (t.d. kör, tunnur).
6. Veiðarfæri.
7. Verðmæti landaðs afla.

Reglur um varðveislu bókhaldsgagna gilda um nótur þessar.

5. gr.

Þegar humar er fluttur úr löndunarhöfn til vinnslu í öðru byggðarlagi má endanleg vigtun fara fram á vinnslustað, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Allur humarafla ásamt ílátum og ís skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun. Vigtarmaður á hafnarvog skal telja ílát og draga þyngd þeirra frá vegnum afla.
2. Viðtakandi aflans skal vera vinnslustöð eða fiskmarkaður, sem hefur leyfi ráðuneytisins til að vigta humar sbr. 3. gr. Um vigtun á humri fer þá eftir ákvæðum 4. gr. Upplýsingar um endanlega veginn afla skulu berast til hafnaryfirvalda í löndunarhöfn eigi síðar en einum sólarhring eftir að afli hefur verið veginn, þó eigi síðar en fjórum sólarhringum eftir að aflinn var veginn á hafnarvog samkvæmt 1. tl. Berist upplýsingar ekki fyrir tilskilinn tíma skal upphafleg vigtun hafnarvogar gilda. Telji hafnarstjóri upplýsingar ótrúverðugar skal hann senda málið til úrskurðar ráðuneytisins. Á vigtarnótu hafnarvogar skal koma fram upphafleg vigtun humarsins og fjöldi íláta ásamt niðurstöðu vigtunar vinnslustöðvar samkvæmt þessum tl.

6. gr.

Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3.25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal margfalda vegið magn óslitins humars með stuðlinum 0.308.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT**um búfjárhald í Eyrarsveit.**

1. gr.

Í Eyrarsveit er búfjárhald óheimilt utan lögbýla. Hreppsnefnd gertur þó veitt leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari. Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

2. gr.

Lausaganga hrossa og nautgripa er bönnuð í Eyrarsveit. Einnig er öll lausaganga búfjár, hverju nafni sem nefnist, bönnuð innan girðingar umhverfis Grundarfjarðarkauptún.

3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

4. gr.

Hreppsnefnd skal veita leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við meðferð búfjár. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

5. gr.

Búfjáreftirlitsmaður hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skýlt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

6. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjárheld girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.